

24. gr.  
*Viðurlög.*

Um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar fer eftir ákvæðum 13. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.

25. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 312/1990, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, auglýsing nr. 314/1990, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar og auglýsing nr. 173/1980, um gjaldeyrisviðskipti við erlenda ferðamenn.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Prátt fyrir ákvæði 6. gr. gilda eftirfarandi reglur um viðskipti innlendra aðila með erlend langtímaverðbréf í erlendri mynt til þess tíma er samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar:

1. Verðbréfin skulu keypt fyrir milligöngu þingaðila að Verðbréfaþingi Íslands.
2. Verðbréf, sem gefin eru út erlendis, skulu varðveitt hjá þeim aðila sem hafði milligöngu um kaupin eða á hans vegum þar sem hliðstæð verðbréf eru varðveitt.
3. Heildareign innlends aðila á erlendum langtímaverðbréfum í erlendri mynt skal ekki nema hærri fjárhæð en 750.000 krónum eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt.
4. Þingaðilum að Verðbréfaþingi Íslands er heimilt að reka verðbréfasjóði með erlend langtímaverðbréf, hvort heldur sérstaklega eða með verðbréfum í íslenskum krónum. Heildarfjárhæð erlendra langtímaverðbréfa í erlendri mynt sem hverjum þingaðila er heimilt að kaupa í þessu skyni takmarkast við 150.000.000 krónur eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt.
5. Þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í 3. og 4. tölul. breytast mánaðarlega í samræmi við gengisvísitölu (kaupgengi) hinnar evrópsku mynteiningar (ECU), sem Seðlabankinn skráir og auglýsir með gildistöku fyrsta dag hvers mánaðar. Grunnvísitala er kaupgengið sem var í gildi 1. ágúst 1990.

Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. samkvæmt umsókn þar að lútandi.

Innlendir aðilar, sem lúta reglum Seðlabankans um gjaldeyrisjöfnuð og áhættu í gjaldeyrisviðskiptum, eru undanþegnir ákvæðum 1. og 3. tölul. 1. mgr.

*Viðskiptaráðuneytið, 23. desember 1992.*

**Jón Sigurðsson.**

*Finnur Sveinbjörnsson.*

**AUGLÝSING****um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis er taki gildi 1. janúar 1993:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis nr. 454, 27. september 1991:  
Liðirnir B.1. Aflgjald, B.2. Götulýsing, C.1. Órofin daghitun, C.2. Daghitun rofin, C.3. Næturráfmagn, D.1. Sumarráfmagn og D.2. Garðyrkjulýsing, hækki um 4%.

*Iðnaðarráðuneytið, 23. desember 1992.*

F. h. r.  
**Björn Friðfinnsson.**

Steinunn Bjarman.

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, er taki gildi 1. janúar 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss nr. 171, 25. mars 1991:

Notkunargjöld hitaveitunnar lækka um sem næst 5% frá og með 1. janúar 1993 og breytist 5. gr. gjaldskrárinnar því og verður sem hér segir:

#### 5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

|                                                                        |            |
|------------------------------------------------------------------------|------------|
| Garðyrkjustöðvar . . . . .                                             | kr. 124,00 |
| fyrir hvern mínútulítra á mánuði.                                      |            |
| Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar . . . . . | kr. 686,00 |
| fyrir hvern mínútulítra á mánuði.                                      |            |
| Iðnaðarhús . . . . .                                                   | kr. 320,00 |
| fyrir hvern mínútulítra á mánuði.                                      |            |

Hjá þeim notendum, sem greitt hafa rúmmetragjald af íbúðar- og iðnaðarhúsum sínum, skal reikna minnst 1 mínútulítra fyrir hverja 100 rúmmetra og byrjaða 100 rúmmetra.

Ekki má tvíreikna gjald á sama vatnið.

Gjöld fyrir hett varn til annarra nota en að framan greinir ákveður stjórn hitaveitunnar hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

*Iðnaðarráðuneytið, 23. desember 1992.*

F. h. r.  
**Björn Friðfinnsson.**

Steinunn Bjarman.